



Alþingi  
Allsherjarnefnd  
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 25. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110631 SMG/-

*Efni: Umsögn Persónuverndar um 189. mál, þingskjal nr. 189.*

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Breytingunum er ætlað að færa ákvæði laganna til samræmis við fjórar gerðir Evrópusambandsins, þ.e. reglugerð 2004/871/EB frá 29. apríl 2004, ákvörðun 2005/211/JHA frá 24. febrúar 2005, ákvörðun 2005/451/JHA frá 13. júní 2005 og reglugerð 2005/1160/EB frá 6. júlí 2005.

1.

Ekki verður annað séð en að frumvarp þetta sé í samræmi við framangreindar gerðir Evrópusambandsins. Því verða ekki gerðar efnislegar athugasemdir við ákvæði þess að öðru leyti en því, að í c-lið 4. gr., sem mælir fyrir um aðgengi Umferðarstofu að Schengen-upplýsingakerfinu, mætti að ósekju tilgreina í hvað skyni stofnuninni er heimilt að nota aðganginn. Er það í samræmi við a- og b-liði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 16/2000 þar sem fram kemur í hvaða skyni þargreindum yfirvöld er heimilt að nota aðgang sinn að kerfinu. Þá er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2005/1160/EB að yfirvöld sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina skuli hafa aðgang að nánar tilgreindum upplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu *í þeim tilgangi einum að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið.*

2.

Fyrir skýrleika sakir þykir rétt að benda á eftirfarandi varðandi þær tilvísanir í gerðir Evrópusambandsins sem er að finna í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu.

1. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er a-liður 2. mgr. sagður vera í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Það ákvæði felur í sér breytingu á 99. gr. Schengen-samningsins og er réttilega tilgreint sem grundvöllur 2. gr. frumvarpsins (7.

gr. laga nr. 16/2000). Ákvæði a-liðar 2. mgr. er hins vegar efnislega sambærilegt við a-lið 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

2. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er a-liður ákvæðisins sagður vera í samræmi við 8. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211. Þarna hafa tilvísanir víxlast, en grundvöllur þessa ákvæðis er 8. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211 og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2004/871.

Persónuvernd gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt



Páll Hreinsson



Særún María Gunnarsdóttir